

1865.
30. ágúst.

umburðarbréfi innanríkisstjórnarinnar dagsettu 27. júnímán. þ. á.
til þess að þér gjörð frekari ráðstafanir í því efni.

Umburðarbréfið er svo látandi:

Hans hátign konungurinn hefir ritað mér 23. þ. m. á þessa leið:

„Kristján hinn Níundi o. s. frv.

Vora einstaklega hylli!

Eptir að Vær höfum veitt móttöku skýrslu þeirri, er þú þegnsamlegast hefir gefið Oss, samkvæmt allrahæstu bréfi Voru 31. janúarmán. þ. á., viljum Vær allramildilegast gjöra þér kunnugt, að Vær með allrahæstri ánægju og viðurkenning metum það, hversu allir með sjaldgæfri greiðfýsi hafa keppzt á um að bæta eptir fremsta megni úr bágingdum þeim, sem hið óheppilega stríð að mörgu leyti hefir verið olandi, og að Oss því finnst þörf á að lýsa því yfir, að Vær kunnum öllum þeim, sem unnið hafa að því að koma þessu til leiðar, beztu þakkir Vorar fyrir þjóðrækni þá, er þeir á þenna hátt hafa sýnt af sér.

Þetta bjóðum Vær þér að gjöra heyrum kunnugt.

Felandi þig guði!”

Þetta eruð þér beðnir um, herra amtmaður, að kunnngjöra öllum hlutadeigendum¹ í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir.

Í innanríkisstjórninni 27. dag júnímán. 1865.

Tillisch.

Unsgaard.

30. ágúst.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa mönnum þeim, er sendir voru til fiskisýningarinnar í Björgvin.

Samkvæmt tilmælum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi dagsettu 9. þ. m., er yður hér með til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin veitir samþykki sitt til þess, að þér hafið veitt þeim mönnum, er sendir hafa verið frá Reykjavík til fiskisýn-

¹) Frá Íslandi höfðu gefizt 1,718 rdl. 12 sk.

ingarinnar í Björgvin, 200 ríkisdala styrk úr jarðabókarsjóði Íslands, og skal því við bætt, að taka á styrk þenna af fè því, er til fært er í 9. grein VI C¹ í fjárhagslögunum. 1865.
30. ágúst.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um viðgjörð á Reykjavíkur dómkirkju. 30. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við fjárstjórnina útaf bréfi stiptamtsins, dagsettu 24. maímán. þ. á., um að Reykjavíkur dómkirkja þurfi töluverðrar viðgjörðar bæði á þaki og veggjum, og skal yður nú til vitundar gefið, að með því að fjárstjórninni þykir ísjárvert, eins og nú er ástatt, þar sem verið er að ræða um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandi Íslands og Danmerkur, að fallast á, að fè það, sem ætlazt er á að þurfi til viðgjörðarinnar, sè sett á fjárhagsáætlunina fyrir næstkomanda fjárhagsár, þá sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra úti þetta mál að svo stöddu. Aptur á móti eruð þèr beðnir um, herra stiptamtmaður, að hlutast til um, að brestir þeir, er gætu orðið þess ollandi að kirkjan sjálf eða bókasafnið á kirkjuloptinu verði fyrir skemmdum, fái þá aðgjörð, sem álita má alveg nauðsynlega.

69. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðspjónustugjörðir katólskra í Reykjavík. 30. ágúst.

Eptir tilhlutan stjórnarráðsins hefir stiptamtíð sent hingað með bréfi 27. maímán. þ. á. skýrslu frá bæjarfógetanum í Reykjavík útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt frá Baudoin, katólskum klerk, er býr í Reykjavík; ber hann sig upp undan því, að embættismaður þessi hafi bannað sèr að halda guðspjónustugjörð, ef menn sèu viðstaddir sem eru landsins trúar, og fleiru.

¹) þ. e. ýms óviss gjöld handa Íslandi.